

Ed.

328. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson, Jón Jónsson.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málgr. komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverju sinni er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kys bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í stjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kys í hana.

2. Á eftir 15. gr. frv. komi ný gr., er hljóði svo:

21. gr. laganna orðist svo:

Rjett er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða $\frac{1}{6}$ kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósendi hver kys svo marga menn sem kjósa skal.

3. Á eftir 17. gr. frv. komi ný grein:

Næst á eftir 35. gr. laganna bætist inn í ný gr., er orðist svo:

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukaneftnda og annara starfa, er hún kys menn til, ef þess er krafist, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.